



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

Símafundur 9. október 2012 kl. 11.00

Mætt eru: Gunnar Örn Marteinnsson, Ásbjörn Jónsson, Sigurdís Guðjónsdóttir, Anna Björg Stefánsdóttir, Einar Björn Einarsson, Davíð Samúelsson og Steingerður Hreinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður setti fund og gaf Davíð orðið sem gekk til dagskrár:

Uppskeruhátíð

- Hugmyndir að dagskrá
 - Kynnisferð: Davíð setur upp kynnisferð um suðursvæðið
 - Heiðursgestur: Ákveðið að bjóða Jóhannesi Sigmundssyni frá í Syðra langholti sem heiðursgestur – heiðraður fyrir langt og farsælt starf í ferðþjónustu á Suðurlandi.
 - Veislustjóri: ákveðið að athuga með Guðna Ágústsson, Ísólf Gylfa eða Sólmund Sólmundarson
 - Önnur skemmtiatriði: Ari Eldjárn og Hjónabandið
- Kynning á tíma og staðsetningu
 - Uppskeruhátíðin verður haldin þann 16. nóvember á Hótel Selfossi. Verður auglýst eftir helgi

Markaðsmál

- www.winterwonderland.is: Davíð sagði frá framgangi verkefnisins – áhugaverð lifandi síða sem tengist bloggi, samskiptasíðum og instagram sett í loftið 16. Október. Davíð auglýsti eftir þátttakendum með e-mail ofl. en hefur ekki gengið nóg og vel að fá svörun.
- Tilboð frá tímariti Easyjet: Davíð sagði frá tilboði frá Easyjet sem verður hafnað en Davíð mun hitta blaðamann tímaritsins í London og athuga með önnur tækifæri til kynningar hjá félaginu.

Sýningar og kynningar

Davíð kynnti þátttöku í sýningum og kynningum sem eru á döfinni á næstunni.

- Þátttaka í Mid Atlantic
- Workshop st. Petersburg janúar 2013 í tengslum við Icelandair – Davíð sér þetta sem tækifæri á að ná í framtíðarferðamenn og setur púður í að bjóða ferðaseljendum í FAM ferðir til Suðurlands. Davíð kannar verð og möguleika.
- Suðurlandskynning í sendiráðinu Brussel + London 2013. Uppfærsla frá Taiex kynningu ferðþjónustunnar- Suðurlandi boðið að vera með kynningu í Brussel og London. Davíð og Steingerður skoða þetta frekar og koma með tillögur að ferð og verð.

- Sunnlenskur brunch og sunnlenskir tónar í Reykjavík janúar / febrúar 2013
 - ferðapjónustuaðilar Markaðsstofu Suðurlands kynna vetrarvörur – hugmynd um að fá Sjóminjasafnið undir þessa kynningu hugsanlega í lok janúar nk.
 - skemmtun og móttaka fyrir ferðaskrifstofur í Reykjavík með áherslu á staðbundna framleiðslu og sunnlenska vetrarvörur.

Önnur mál:

Steingerður gerir grein fyrir uppsögn sinni hjá APS

Aðildargjöld – lagt til að gefin verða 20% afslátt af aðildargjöldum þar til aðilar komast í bæklinginn.

Annað ekki gert og fundi lokið kl: 11:53